

Drífa Skúladóttir Halldór
Kristinsson Illugi Jens Jónasson
Ásdís Lilja Pétursdóttir Davíð
Viðarsson Magnús Eiríksson

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 126126. fundur umhverfis- og
skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 6. maí 2019
og hófst hann kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Ásdís Lilja Pétursdóttir, Davíð Viðarsson og Magnús Eiríksson.

Fundargerð ritaði: Ásdís Lilja Pétursdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Letisund A-2_umsókn um lóð - 1904009

Eggert Arnar Bjarnason sækir um að fá lóð 2 við Letisund úthlutað. Fyrirhugað er að byggja á lóðinni um 660 fm. stálgrindarhús.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

2. Skógræktarsvæði við Ólafsvíkurenni_Lýsing og matslýsing vegna stækkunar eldra skógræktarsvæðis - 1904008

Skógræktarfélag Ólafsvíkur hefur mikinn áhuga á áframhaldandi skógrækt í nærumhverfi bæjarins. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 varðar skógræktarsvæði í Ólafsvík. Annars vegar er áætlað að stækka svæðið austast í bænum þannig að SL-1 verði samfelld svæði og hins vegar er fyrirhugað nýtt svæði, SL-2 í Enni.

Hér með er óskað eftir heimild bæjaryfirvalda til að vinna áfram að undirbúningi deiliskipulags með því að leitað verði umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu og hún veriði kynnt almenningi. Í kjölfarið verði unnin tillaga að deiliskipulagi sem verði kynnt og afgreitt í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lýsingu og vísar henni í lögboðið auglýsingarferli.

3. Golfvöllur sunnan Rifs_Lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags - 1904007

Í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir golfvelli sunnan Hellissands, en talið er að svæði sunnan Rifs henti betur. Gert er ráð fyrir að á svæðinu sunnan Hellissands verði æfingasvæði. Það var óbyggt svæði í gildandi aðalskipulagi en breyttist í íþróttasvæði.

Hér með er óskað eftir heimild bæjaryfirvalda til að vinna áfram að undirbúningi deiliskipulags með því að leitað verði umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu og hún veriði kynnt almenningi. Í kjölfarið verði unnin tillaga að deiliskipulagi sem verði kynnt og afgreitt í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga.

777
SP
Mik

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lýsingu og vísar henni í lögboðið auglýsingarferli.

4. Vatnshellir - þjónustusvæði_tillaga að deiliskipulagi - 1904003

Umhverfisstofnun óskar eftir því að tillaga að deiliskipulagi vegna þjónustusvæðis við Vatnshelli, verði afgreidd í lögbundið auglýsingar og kynningarferli.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með fyrirvara um samræmingu gagna um fjölda húsbíla og að haft verði samráð við Vegagerðina um aðkomu, því varla er æskilegt að halda sér aðkomu fyrir bílastæði starfsmanna. Þar sem sett er upp handrið, handlistar eða möskvanet verði það í dökkum litum sem falli vel að umhverfi, t.d. Cortesens stál eða svart, það á einnig við um efni í stígum og bygginum. Ekki verði notað galvanhúðað ólitað stál við stíga.

5. Djúpalónssandur - þjónustusvæði við vegamót_tillaga að deiliskipulagi - 1904002

Umhverfisstofnun óskar eftir því að tillaga að deiliskipulagi vegna þjónustusvæðis við vegamót fyrir Djúpalónssand, verði afgreidd í lögbundið auglýsingar og kynningarferli.

Áður en deiliskipulagstillaga verður samþykkt til auglýsingar verði gerð grein fyrir tengingu fyrir gangandi frá svæðinu og að Dritvíkurvegi. Göngutenging undir Útnesveg verði unnin með Vegagerðinni. Í texta verði gerð grein fyrir hvernig öryggi gangandi við Dritvíkurveg verur tryggt meðan þar verður bílaumferð. Innra fyrirkomulag bílastæða verði metið með það í huga að tryggja sem eðlilegasta göngutengingu frá svæðinu að göngutengingu undir Útnesveg og að rútur myndi ekki sjónrænan vegg gagnvart Útnesvegi. Þar sem sett er upp handrið, handlistar eða möskvanet verði það í dökkum litum sem falli vel að umhverfi, t.d. Cortesens stál eða svart, það á einnig við um efni í stígum og byggingum. Ekki verði notað galvanhúðað ólitað stál við stíga. Nefndin óskar eftir því við Vegagerðina að sett verði hringtorg, frekar en T-gatnamót og hraði verði tekinn niður beggja vegna.

6. Ólafsvíkurhöfn_óveruleg breyting deiliskipulags - 1904001

Óveruleg breyting á deiliskipulagi 2016. Gerð er breyting vegna einnar lóðar, Norðurtanga 9d. Lóðin er stækkuð úr 403 fm. í 1.640 fm. og þar verður 1.200 fm. byggingarreitur.

Skilmálum er breytt fyrir Norðurtanga 9.

Norðurtangi 11 verður minnkuð.

Varnargarður er uppfærður að raunverulegum framkvæmdum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

7. Sölvaslóð 1_Sölvahamar slf. sækir um byggingarleyfi fyrir 128 fm. húsi - 1905003

Sölvahamar slf. sækir um byggingarleyfi fyrir 128 fm. sumarhúsi skv. innsendum teikningum og skráningartöflu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu vegna vinnu við breytingu á deiliskipulagi.

8. Norðurtangi 3_Bílaaðstoð og flutningar ehf. - klæðning, ný hurð og varmadæla - 1905002

Birgir Tryggvason, fyrir hönd Bílaaðstoðar og flutninga ehf., sækir um byggingarleyfi til að klæða húseign sína að Norðurtanga 3. Einnig er sótt um að setja hurð

(flóttaleið) á norð-austur hliðina skv. meðfylgjandi mynd. Að lokum er sótt um að setja upp aðra varmadælu á norð-austur hlið (skv. meðfylgjandi mynd).

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Nefndin vill hrósa lóðarhafa fyrir góða umgengni á lóð.

9. **Fellaslóð 3_umsókn um byggingarleyfi fyrir þjónustubyggingu - 1905001**

Út og vestur ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir ca. 85 fm. þjónustubyggingu skv. innsendum gögnum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar hafnar erindinu. Ekki er fallist á útlit og yfirbragð byggingarinnar á lóðinni og fer fram á að gerð verði tillaga að breyttu útliti sem taki mið af nýlegri byggð á svæðinu varðandi form og efnisval. Hæsta leyfilega hæð er 4.5 m samkvæmt byggingarskilmálum og verði það ákvæði virt.

10. **Breiðafjarðarnefnd_erindi frá bæjarráði - ósk eftir afstöðu um vilja til að skoða möguleika á stækkun verndarsvæðisins - 1904006**

Breiðafjarðarnefnd óskar eftir afstöðu Snæfellsbæjar um hvort vilji sé fyrir því að skoða möguleika á stækkun verndarsvæðisins í Breiðafirði. Erindið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 27. mars 2019 og vísaði erindinu til umfjöllunar umhverfis- og skipulagsnefndar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið.

11. **Ólafsbraut 82_Rarik ohf. sækir um leyfi fyrir 2 varmadælum - 1904005**

Rarik ohf. sækir um leyfi fyrir 2 loft í loft varmadælum á lagerhúsnæði Rariks við Ólafsbraut 82. Dælurnar yrðu staðsettar á vesturhlið húsnæðisins.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

12. **Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2019 - 1901006**

1) *Hellisbraut 20.*

- Umræður um umgengni á lóð og utan lóðar. Byggingarfulltrúa falið að ræða enn og aftur við lóðarhafa.



2) *Arnarstapi_endurskoðun á deiliskipulagi.*

- Nefndin leggur til breytingar á deiliskipulagi, þannig að í hverfunum verði heimilt aukið byggingarmagn. Vegna mikils áhuga á gestahúsum og stækkun er eðlilegt að auka svigrúm þannig að allir sitji við sama borð.

- Einnig leggur nefndin til að farið verði í uppmælingu á frístundahúsum í Snæfellsbæ.

3) *Söluvagnar á Arnarstapa.*

- Byggingarfulltrúa falið að fara á staðinn og fylgja eftir umgengnisreglum í kringum stöðuleyfislóðir þar sem ljóst er að ekki er almennt farið eftir reglum sem settar voru.



Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:45.

